Hestamannafélagið Borgfirðingur

Skýrsla æskulýðsnefndar árið 2026

Skýrsla æskulýðsnefndar fyrir árið 2026

Á aðalfundi félagsins í nóvember 2025 voru eftirtalin kjörin í æskulýðsnefnd. Heiða Dís Fjeldsteð, Harpa Sigríður Magnúsdóttir og Gro Jorun Hansen.

Skipulögð voru þrjú námskeið sem öll tókust vel.

Almennt reiðnámskeið fyrir börn – kennari Þórdís Fjeldsteð, þáttakendur voru 12 talsins. Námskeiðið var 8 tímar.

Pollanámskeið – kennari Þórdís Fjeldsteð, þátttakendur voru 12 talsins. Á þessu námskeiði var áherslan á leiki og það að hafa gaman. Síðan var endað á grillveislu uppi í Lundi. Námskeiðið var 6 tímar.

Keppnisnámskeið – Kennari Bjarki Þór Gunnarsson – Hér voru 8 þátttakendur skráðir til leiks á 12. tíma námskeið, Bjarki Þór fylgdi einnig keppendum eftir sem fóru á LM2026 á Hólum. Var markmið þess að undirbúa börnin og unglingana sem hug höfðu á því að taka þátt í keppni og ekki síst undirbúa þau til farar á Landsmótið að Hólum. Félagið sendi góðan hóp barna, unglinga og ungmenna á mótið og stóðu þau sig vel og voru félaginu til sóma. Hluti þeirra tók einnig þátt í hópreiðinni við setningu mótsins.

Fræðslukvöld um gæðingakeppni – Valdimar Ólafsson gæðingadómari var fenginn til að halda kynningu á gæðingakeppnisreglum og eftir hverju dómarar væru að leita þeir dæmdu keppni á gæðingamótum. Nokkur fjöldi sótti viðburðinn og fórst Valdimar verkefnið vel úr hendi og allir ánægðir.

Á öllum mótum félagsins, bæði úti og inni, var boðið uppá pollaflokk sem naut mikilla vinsælda. Eins tóku börn og unglingar þátt í grímutölti og í þrautabrautarmóti sem haldið var í apríl. Til að fjármagna hluta kostnaðar var haldið happdrætti þar sem fjölmargir velunnarar félagsins gáfu allskonar vinninga og eins var sala veitinga á innanhússmótum í Faxaborg á hendi þeirra. Gekk þetta afar vel og létti verulega undir við fjármögnun námskeiðsgjalda og búnaðar.

Æskulýðsnefndin